



Skólatöskudagar Iðjuþjálfafélags Íslands

22. – 26. september 2008



Fræðslu- og kynningarnefnd IPÍ

Björg Hreinsdóttir

Fanney Ída Júlíusdóttir

Harpa Ýr Erlendsdóttir

Helga Kristín Gestsdóttir

Karen Björg Gunnarsdóttir

Verkefnið var styrkt af:



Eymundsson

Bóksali frá 1872

Skólatöskudagar Iðjubjálfafélags Íslands (ÍPÍ) voru haldnir á landsvísu þriðja árið í röð dagana 22. - 26. september 2008. Í ár var sú breyting að Fræðslu- og kynningarnefnd ÍPÍ sá um Skólatöskudagana en hana skipuðu: Björg Hreinsdóttir, Fanney Ída Júlíusdóttir, Harpa Ýr Erlendsdóttir, Helga Kristín Gestsdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir. Nefndin nýtti tækifærið þegar Karen Jacobs var á landinu vegna ráðstefnu á vegum VINNÍS og hittu hana á fundi á Grand Hótel. Fyrirkomulag Skólatöskudaga á Íslandi var rætt sem og ýmsar hugmyndir um hvernig hægt væri að gera verkefnið sjálfbærara í framtíðinni, hvaða möguleikar væru í kynningarmálum o.fl.

Í ár styrkti Lýðheilsustöð verkefnið um 100.000 kr. og var lógó þeirra sett á öll gögn. Helsti samstarfsaðili Lýðheilsustöðvar var Rósa Þorsteinsdóttir (rosa@lydheilsustod.is). Eins var samstarf við verkefnið „Göngum í skólann” á vegum ÍSÍ en það var einnig styrkt af Lýðheilsustöð, helsti tengiliður þar var Örvar Ólafsson (orvar@isi.is). Samvinnan fólst í að ÍPÍ sendi út kynningabréf um vorið og greindi um leið frá „Göngum í skólann” verkefninu og kynningabréf þeirra var sent um haustið og þá var minnst á Skólatöskudaga.

Nefndin ákvað að leggja fjármagn og vinnu í að endurhanna skólatöskuálfinn og gögnin samfara því. Ástæðan var sú að mikilvægt var að eiga álfinn í betri gæðum svo hægt væri að vinna með hann í ýmsum forritum og að hann næði enn betur til barnanna. Egill Arnarsson margmiðlunarfræðingur vann hönnunarvinnuna. Í kjölfarið þurfti að lagfæra ýmislegt í gögnum og uppfæra upplýsingar, Friðrik Friðriksson, maður Margrétar Theódórsdóttur iðjubjálfa, var fenginn til verksins. Að auki var litablað og þrautablað útbúið til að nýta í skólaheimsóknirnar svo börnin gætu einbeitt sér að þeim á meðan þau biðu eftir að vera vigtuð. Þetta gafst ágætlega með yngri börnunum.

Unnið var í góðu samstarfi við Pennann - Eymundson og styrktu þeir verkefnið með prentun á bæklingnum sem nam 68.000 kr. Öll gögn voru prentuð í prentsmiðjunni Odda og fékk nefndin prentunina á verðum Pennans eða 25% afslátt af listaverði. Penninn - Eymundson hefur undanfarin tvö ár fengið til liðs við sig iðjubjálfa til að leiðbeina í verslunum sínum við val á skólatöskum og hefur það gefist einkar vel. Þeir óskuðu eftir tveimur iðjubjálfum nú í ár. Til að auka fræðslu um rétta notkun á skólatöskum hefur Penninn - Eymundson prentað út miða/bókamerki sem hengd eru á þær töskur sem

uppfylla þau viðmið sem góð skólataska þarf að bera. Í ár var lógó Iðjuþjálfafélagsins ásamt slóðinni www.ii.is og lógó Lýðheilsustöðvar á þessum miða.

Þátttaka iðjuþjálfra og iðjuþjálfanema var með ágætum í ár og voru vinnugögn skólatöskudaga tekin saman fyrir hvern og einn af Fræðslu- og kynninganefnd og gafst það vel. Á höfuðborgarsvæðinu nálgudust þátttakendur gögnin á skrifstofu BHM en á Eyjafjarðarsvæðinu voru gögnin sótt til Birnu Guðrúnar Baldursdóttur iðjuþjálfra. Gögn á aðra staði á landsbyggðinni voru póstlögð. Flestir þátttakendur skiluðu inn niðurstöðum á tölvutæku formi að verkefninu loknu og sendi nefndin þær til Kristjönu Fenger lektors við Háskólann á Akureyri (HA). Kristjana mun halda utan um gögnin og er fyrirhugað að iðjuþjálfanemi geri lokaverkefni um Skólatöskudaga vorið 2009 og vinni úr gögnum frá árinu í ár. Í framtíðinni væri eftirsóknarvert að samstarf yrði aukið við nema í iðjuþjálfun við HA.

Fyrir einhverja iðjuþjálfra gekk erfiðlega að bóka tíma í skólum og úr varð að einhverjir stóðu uppi skólalausir á síðustu stundu. Mikilvægt er að reyna að fyrirbyggja þetta vandamál til að nýta krafta þeirra iðjuþjálfra sem hafa áhuga á þátttöku. Þrír skólar óskuðu að fyrra bragði eftir heimsókn iðjuþjálfra.

Þátttaka í skólatöskudögum 2008:

Iðjuþjálfar: 47

Iðjuþjálfanemar: 19

Gögnum sem var skilað:

Fjöldi skóla: 36

Fjöldi bekkja: 130

Fjöldi nemanda: 1920

Prentun gagna (magn)

- **4000 bókamerki**
- **4000 vigtunarbleðlar (1000 A4 blöð skorin í fernt)**
- **4000 bæklingar í þrúbroti**
- **100 veggspjöld í A3 stærð**
- **4000 litablað**
- **4000 þrautablað**

(Töluverður afgangur er af gögnum hjá nefnd. Afgangur verður geymdur á skrifstofu SIGL í Borgartúni. Mikilvægt er fyrir næstu skólatöskudaga að biðja iðjuþjálfra um að taka tillit til þeirra gagna sem þeir eiga þegar þeir gefa upp fjölda nemenda).

Send var fréttatilkynning (viðauki 8) til helstu fjölmiðla en því miður voru undirtektir engar. Þátturinn „Samfélagið í nærmynd“ hafði samband af fyrra bragði og bað um viðtal og fór Helga Kristín í það. Eins var viðtal við Hörpu Ýri í Morgunblaðinu og barnaopna Morgunblaðsins var nýtt fyrir þrautirnar, tengiliður var Signý (sygnny@mbl.is). Umfjöllun birtist á fréttasíðu Iceland Review (icelandreview.com) og Borgarblöðunum (viðauki 9). Grein birtist í Hollráð heilsunnar í Morgunblaðinu (viðauki 10) og eins var nokkuð um umfjöllum á ýmsum heimasíðum t.d. mbl.is, menntagatt.is, heimiliogskoli.is, gongumiskolann.is, lydheilsustod.is og heimasíður grunnskóla. Geta má að gögn skólatöskudaga eru aðgengileg á heimasíðu Iðjuþjálfafélagsins (sigl.is) og Lýðheilsustöðvar (lydheilsustod.is).

Hugmyndir Fræðslu- og kynningarnefndar fyrir Skólatöskudaga 2009

- Útbúa spurningalista til nemenda sem notaður er fyrir og eftir skólatöskufræðslu til að kanna hvort og hvernig fræðsluhlutinn skilar sér. Spurning um að hafa listann myndrænan.
- Fræða nemendur í kennaranámi HA og HÍ um skólatöskur og skólatöskudaga - markmið að gera kennara meðvitaðri um mikilvægi réttrar notkunar skólatösku.
- Efla samstarf við iðjuþjálfanema í sambandi við Skólatöskudagana, t.d. hvað á að gera við nemanansóknina á skólatöskudögum - Ræða við Kristjönu Fenger.
- Útbúa segla á ísskáp - (aðeins búið að kanna þessa hugmynd og er hún dýr í framkvæmd).
- Þýða „Tips“ og hugmyndir af „Fun Activities“ frá „School Awareness Day“ hjá AOTA (búið að fá leyfi hjá Karen Jacobs).
- Gera heimasíðu IPÍ enn virkari í tengslum við Skólatöskudaga. Öll gögn sett þar inn svo hver og einn iðjuþjálfari geti prentað út sem hann þarf fyrir sinn skóla.
- Setja teygjuhléæfingar forritið fyrir börn á heimasíðu IPÍ.
- Setja inn tengil Göngum í skólann á heimasíðu IPÍ.
- Gera markvissa fjölmiðlaáætlun svo hægt sé að senda út tímanlega umfjöllun á Skólatöskudögum. Samvinna við Ragnheiði hjá BHM.
- Nýta barnaopnu Morgunblaðsins betur í kynningu á Skólatöskudögum. Hafa t.d. mánuði fyrir Skólatöskudaga vikuleg verkefni - byrja fyrstu helgina í september.
- Breyta bókamerki úr *nemandinn í þú* skalt svo skilaboðin verði skýrari/persónulegri.
- Senda fyrirspurn til Karen Jackobs um hve mörg prósent hliðartaskan má vera af þyngd barnsins og setja inn í bæklinginn.
- Hvetja iðjuþjálfara til að taka myndir af Skólatöskudögum og senda til IPÍ sem gæti svo sett inn á heimasíðu félagsins. Iðjuþjálfar að störfum.
- Tilkynna félagsmönnum að prósentu skólatöskunnar af líkamsþyngd hefur breyst úr 15% í 10%.

- Fá tilboð í prentun hjá Prentmet, Margrét hjá Sigl mun aðstoða nefndina við að fá tilboð.
- Skilgreina hlutverk nefndarinnar betur.
- Fá fund með stjórn og Lýðheilsustöð
 - árið í ár
 - framtíðarhugmyndir
- Frekara samstarf við ÍSÍ – Göngum í skólann????
- Spurning hvort hægt sé að fara í samstarf við heilsugæslu eða Lýðheilsustöð og búa til (endurvekja?) bækling sem hægt er að dreifa í leikskólana um rétta notkun skólatöskunnar.
- ???? um að koma með tillögu um að senda fréttatilkynningu á alla skóla-foreldrafélög, stofnanir sem tengjast börnum s.s. slf.is, sjonarholl.net, adhd.is og ýmislegt fleira.....
- Fá einstaklinga í starfsendurhæfingu á geðsviði LSH (Kleppi) til að pakka gögnum.

Björg Hreinsdóttir

Fanney Ída Júlíusdóttir

Harpa Ýr Erlendsdóttir

Helga Kristín Gestsdóttir

Karen Björg Gunnarsdóttir